

KAUPSTAÐIR AFHENDA NORRÆNA HÚSINU LISTAVERK

Við vígslu Norræna hússins í Reykjavík hinn 25. ágúst 1968 kom sú hugmynd fram í samtali milli nokkurra bæjarstjóra, sem þar voru staddir, að allir kaupstaðir landsins utan Reykjavíkur sýndu þeim hugsjónum, sem að baki húsinu býr, nokkurn virðingarvott.

Hjálmar Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, tók að sér að koma hugmyndinni í framkvæmd. Leitaði hann til þeirra kaupstaða, sem ekki áttu fulltrúa við vígsluna, og fékk hugmyndin hvarvetna hinar beztu undirtektir. Í samráði við Ivar Eskeland, framkvæmdastjóra Norræna hússins og Hjörleif Sig-

urðsson, listmálara varð að ráði að leita til Ásgerðar Búadóttur, listakonu, með beiðni um að hún efndi til listvefnaðar, er prýða mætti vegg í húsinu.

Listaverk þetta var síðan afhent Norræna húsinu við hátíðlega afhöfn, sem fram fór hinn 22. janúar s. l. Hjálmar Ólafsson, bæjarstjóri, afhenti það fyrir hönd kaupstaðanna.

Við afhendingu mælti Hjálmar m. a. á þessa leið:

„Við erum stoltir af því að hafa átt þátt í að gefa þessari ágætu listakonu tækifæri á að vinna þetta verk. Nokkur umræða varð um staðsetningu myndvefnaðarins. Í ljós kom, að arkitekt hússins, Alvar Aalto, hafði einmitt ætlað listvefnaði stað á þeim vegg, sem listaverkið prýðir, að sögn fulltrúa hans hér lendis, og vissum við ekki af því fyrr en tillögur frú Ásgerðar um staðsetningu voru ráðnar á þessum sama stað.

Listakonan nefnir verk sitt Stormhörpuna. Er ekki eins og við heyrum þytinn í henni? Fyrir mér er listaverkið tákn þess hörpu-sláttar, sem menning Norðurlanda ber um heimskringluna. Stormar samtíðar, fortíðar og framtíðar

strjúka strengi hörpunnar — stundum blítt — stundum strítt. Megi boðskapur þeirra strengleika um frjálslyndi og farsæld — víðsýni og jafnrétti, — óma áfram í þessum sölum — já, vel væri, að þeirra gætti í vaxandi mæli í hljómkviðu heimsmenningarinnar.

Það eru umbjóðendur tæplega 60 þúsund Íslendinga, sem standa að þessari gjöf, sem ekki er aðeins virðingarvottur þeim hugsjónum, sem stofnun þessi er byggð á — heldur fyrst og fremst þakklæti fyrir framkvæmd þeirra hugsjóna og það merka starf, sem hér hefur verið unnið á annað ár og auðgað hefur og eftl menningarlíf höfuðborgarbúa og þá jafnframt allra landsins þegna. Um leið er sú von og ósk fram borin, að athugun mætti fara fram á því, hvort unnt væri að veita þeim menningarstraumum, er hér svella, m. a. til þeirra staða úti um landsbyggðina, sem hér eiga aðild að.

Um leið og ég þakka framkvæmdastjóri Norræna hússins þann sóma, sem hann sýnir kaupstöðum landsins með því að taka við þessari gjöf — bið ég fulltrúa hans að veita listaverkinu viðtöku ásamt gjafabréfi.“

Hjálmar Ólafsson afhendir listaverkið. Listakonan stendur hjá verki sínu.

